

Mál nr. 4/2021

mánudaginn 18. október 2021.

Davíð Smári Lamude

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Dómur áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Feldís Lilja Óskarsdóttir og Jóhannes Albert Sævarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands, með kæru dags. 16. september 2021.

Áfrýjað er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 14. september 2021.

Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaða úrskurður verði felldur úr gildi og að ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um 5 leikja bann hans verði stytt.

I.

Áfrýjandi er þjálfari knattspyrnuliðs Kórdrengja sem spilar í Lengjudeildinni. Þann 11. september sl. atti lið Kórdrengja kappi við knattspyrnulið Fram á heimavelli þess siðarnefnda. Þegar liðlega 3 mínútur voru liðnar af viðbótartíma síðari hálfleiks sem hafði verið ákveðinn að lágmarki 3 mínútur, fékk Fram hornspyrnu. Staðan var þá 2 mörk gegn 1 Kórdrengjum í vil.

Samkvæmt skýrslu dómara leiksins, Egils Arnar Sigurþórssonar, var áfrýjandi verulega ósáttur við lengd viðbótartíma, taldi hann of langan og að hann hefði verið liðinn þegar Fram var dæmd áðurgreind hornspyrna.

Samkvæmt því sem ráða má af greinargerð lögmanns áfrýjanda er það óumdeilt að áfrýjandi lét óánægju sína í ljós bæði með orðum og látbragði og fór útfyrir boðvang liðs síns. Með þessari háttsemi gerðist áfrýjandi brotlegur við ákvæði knattspyrnulaga.

Dómari ákvað af þessum sökum að vísa áfrýjanda á brott á grundvelli 12. gr. knattspyrnulaga. Samkvæmt ákvæði þessu er heimilt að beita brottvísun gagnvart aðila að knattspyrnuleik sem fer út fyrir boðvang liðs síns viljandi og í þeim tilgangi að mótmæla eða kvarta við dómara og hegðar sér með ögrandi eða æsandi hætti. Óánægja áfrýjanda

magnaðist þegar Fram skoraði mark úr hornspyrnunni og jafnaði leikinn. Dómarinn lét ekki taka upphafsspyrnu og flautaði leikinn af.

Samkvæmt leikskýrslu missti áfrýjandi þá stjórn á skapi sínu og kom inn á völlinn og að dómara leiksins. Í skýrslu dómara kemur fram að áfrýjandi hafi þá haldið áfram að mótmæla dómgæslu með orðum og ógnandi látbragði, sem þó er ekki nánar lýst. Aðstoðarþjálfari Kórdrengja fékk áfrýjanda til að víkja af velli.

Leikmenn Kórdrengja hópuðust auk þess að dómara og höfðu uppi mótmæli. Fór því svo að dómarinn veitti einum leikmanna Kórdrengja rautt spjald.

Þegar leikmaður liðs áfrýjanda hafði fengið rautt spjald fyrir svívirðulegt orðbragð í garð dómara, kom áfrýjandi inn á völlinn á ný, hrifsaði viðurlagaspjöld úr hendi dómara og henti þeim á völlinn og hafði upp ógnandi framkomu gagnvart dómara. Lauk þeim látum ekki fyrir en aðrir starfsmenn liðs Kórdrengja náðu að færa áfrýjanda af leikvelli á ný.

II.

Niðurstaða

Áfrýjandi er þjálfari knattspyrnuliðs. Honum ber eins og öðrum sem taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ að sýna gott fordæmi og bera virðingu fyrir dómurum leiks og mótherjum.

Óumdeilt er að áfrýjanda var heitt í hamsi þegar líða tók að lokum leiks Kórdrengja og Fram 11. september 2021. Sýndi áfrýjandi þá af sér háttsemi sem varðaði brottvísun samkvæmt 12. gr. knattspyrnulaga.

Áfrýjandi virti ekki ákvörðun dómara um brottvísun og hélt áfram að hafði afskipti af leiknum og gerði meðal annars athugasemdir við þá ákvörðun dómara að veita einum af leikmönnum liðs hans rautt spjald. Fór áfrýjandi inn á knattspyrnuvöllinn og reif viðurlagaspjöld úr hendi dómara og henti þeim í jörðina. Þegar áfrýjanda rann reiðin mun hann hafa beðist afsökunar á hegðan sinni, sem verið hafði afar óíþróttamannsleg.

Rauðaspjaldið sem dómari veitti áfrýjanda í leiknum 11. september 2014 var annað rauða spjald hans á keppnistímabilinu. Áfrýjanda ber því sjálfkrafa tveggja leikja bann samkvæmt grein 12.1.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarvalda.

Samkvæmt grein 12.1.4 má gera þjálfara og forystumönnum knattspyrnuliða sem eru á leikskýrslu allt að 6 leikja banni fyrir ofsalega eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu.

Þó ljóst sé að áfrýjandi hafi ekki fylgt settum reglum og hagað sér á óíþróttamannslegan hátt og rífið spjöld úr hendi dómara að leik loknum verður ekki litið svo á að sannað sé að hann hafi sýnt af sér svo ofsalega framkomu að honum beri þyngri refsing en beitt hefur verið gagnvart leikmönnum á umliðnum árum fyrir sambærileg háttsemi.

Þykir því hæfilegt að banna áfrýjanda frá keppni á vegum KSÍ í samtals fjóra leiki. Bannið ber áfrýjanda að afplána í samræmi við grein 12.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

III.

Dómsorð

Áfrýjandi, Davíð Smári Lamude, sæti fjögurra leikja banni sem honum ber að afplána samkvæmt grein 12.2 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson[sign]